Ed. **306. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað „6000“ í síðustu málsgr. 9. gr. laganna komi: 7500.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkvæmt ákvæðum 1.—7. töluliðs 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:

1. Að húsakynni séu óhæf til íbúðar að áliti hreppstjóra og héraðslæknis.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á, að samhljóða áliti nýbýlastjórnarinnar.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 kr., að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá 1939, samkvæmt útreikningi teiknistofu landbúnaðarins.

Ef hús jarðar eyðast eða spillast mjög af völdum bruna eða annarra náttúruafla, þeirra sem hús verða ekki tryggð fyrir að fullu, og ábúandi getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins. Til íbúðarhúsbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrksupphæðin samtals ekki fara yfir 10500 krónur til hvers býlis.

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

3. gr.

Fyrir „4500“ í 33. og 35. gr. laganna komi: 6000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.